

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. október 2014

Efni: Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála - 207. mál.

Við er til tölvubréfs dags. 24. október 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun leyfir sér að koma á framfæri ábendingu vegna 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að úrskurðarnefndin skuli birta helstu úrskurði sína og álit. Stofnunin telur eðlilegt að úrskurðarnefndinni verði gert skylt að birta úrskurði sín. Ætla má að birting úrskurða stuðli að auknu réttaröryggi borgaranna þar sem ákvarðanir stjórnvalda eru þá fyrirsjáanlegar í sambærilegum málum.

Tryggingastofnun telur það mikið framfaraskref að skylda nefndina til að skila inn skýrslu til ráðherra eins og kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Mun þá ráðuneytið hafa tök á að bregðast við ágreiningi og/eða vandamálum sem upp hafa komið með laga- og/eða reglugerðarbreytingum þegar við á.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri